

# Urðunarsvæði fyrir sorp

Á gamla flugvellingum við  
Kópasker

Desember 2012

Skipulags og matslýsing



# Skipulagslýsing og matslýsing

Skv. 1. mgr. 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2000 og 2. mgr. 6 gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

## Helstu viðfangsefni og áherslur

Um er að ræða deiliskipulag sorpurðunarsvæðis á svæði gamla flugvallarins við Kópasker. Svæðið á að taka við sorpi frá Öxarfirði, Raufarhöfn og Kelduhverfi. Deiliskipulagssvæðið er afmarkað með blárrí línu á loftmynd. Svæðið er um 1,5 km norðan við Kópasker samsíða Þjóðvegi nr. 870 út á Melrakkasléttu. Nánar tiltekið er svæðið í landi Snartarstaða II, sunnan við Sandhaug, vestur af Viðarási.

Stærð skipulagssvæðisins er um 28 ha og afmarkast af girðingu umhverfis flugvallarsvæðið. Aðkoma að svæðinu er frá Kópaskers- og Sléttuvegi nr. 870.



Mynd 1 Afmörkun deiliskipulagssvæðis

Deiliskipulagið og umhverfismat áætlunarinnar verður unnið af verkfræðistofunni EFLU. Stuðst verður við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar, annars vegar um umhverfismat áætlana og hins vegar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa. Umhverfismatið byggir á fyrirliggjandi upplýsingum um grunnástand umhverfis, þ.á m. gögnum sem unnin voru við mat á umhverfisáhrifum fyrir urðunarstaðinn árið 1998 (Benedikt Björgvinsson fyrir Öxarfjarðarhrepp).

### **Fyrirliggjandi stefna og forsendur**

Deiliskipulagstillagan er unnin á grundvelli aðalskipulags Norðurþings 2010-2030. Í aðalskipulaginu er svæðið skilgreint sem sorpförgunarsvæði fyrir fyrrum Öxarfjarðarhrepp og Raufarhafnarhrepp, merkt S1. Á aðalskipulagi er einnig merkt inn á gamla flugvöllinn svæði O12 sem er skotæfingarsvæði og er það innan girðingarinnar um sorpurðunarsvæðið. Umhverfis flugvöllinn er land skilgreint sem landbúnaðarsvæði á aðalskipulagi.

Sorpurðunarsvæðið er alfarið innan raskaðs svæðis á gamla flugvöllinum og því eru þar engar fornminjar eða náttúruminjar af neinu tagi. Svæðið sjálft er ekki gróíð en umhverfis það er gróíð mólendi og gróðurvana melar.

Deiliskipulagið er unnið með það að meginmarkmiði að endurnýja starfsleyfi urðunarstaðarins en vegna þess þarf að deiliskipuleggja svæðið skv. reglugerð 738/2003 um urðun og reglugerð 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Í deiliskipulagi verður afmarkað svæði til urðunar, auk athafnasvæðis og geymslusvæðis tækja og búnaðar. Jafnframt verður gert ráð fyrir svæðum til söfnunar á brotajárni sem flutt er burt af svæðinu og skotæfingaaðstöðu.

Landeigandi á svæðinu er sveitarfélagið Norðurþing.

### **Umfang og áherslur umhverfismats**

Sá þáttur deiliskipulagsins sem talinn er geta valdið umhverfisáhrifum er sorpurðunin þ.e. uppgröftur jarðefna, urðun, fok, sigvatn og meindýr.

Þeir umhverfisþættir sem helst eru taldir geta orðið fyrir áhrifum af völdum skipulagsins eru landslag og ásýnd lands, fuglalíf, grunnvatn og andrúmsloft.

Ekki þykir ástæða til að fjalla um fornleifar og gróður þar sem um er að ræða svæði sem nú þegar hefur verið raskað og því er ekki að finna fornminjar á svæðinu. Svæðið er malarborið og því ekki um að ræða áhrif á gróður.

Í 10. gr. Þjóðminjalaga nr. 107/2001 segir að fornleifum megi enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins. Ef fram koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdartíma verður þegar haft samband við Fornleifavernd ríkisins, sbr. 13. gr. Þjóðminjalaga, og urðun sorps stöðvuð uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort halda megi áfram og með hvaða skilmálum.

### **Kynning og samráð**

Skipulags- og matslýsing verður send Skipulagsstofnun til umsagnar. Einnig verður óskað umsagna frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands Eystra og Umhverfisstofnun.

Skipulag- og matslýsingin verður auglýst og tekið við athugasemdum vegna hennar. Deiliskipulagstillagan ásamt umhverfisskýrslu verður síðar auglýst skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Öllum er heimilt að gera athugasemd við tillöguna á auglýsingartíma.

### **Fyrirhugað skipulagsferli**

Eftirfarandi eru drög að skipulagsferli og tímasetningum birt með fyrirvara um breytingar

Desember 2012	Skipulags- og matslýsing send Skipulagsstofnun og öðrum umsagnaraðilum til umsagnar skv. 3. mgr. 40 gr. skipulagslaga og 2. mgr. 6. gr. laga um umhverfismat áætlana.
Desember 2012	Skipulags og matslýsing auglýst á heimasíðu Norðurþings skv. 3 mgr. 40 gr. skipulagslaga.
Janúar 2013	Afgreiðsla skipulagsnefndar og bæjarstjórnar á deiliskipulagstillögu og umhverfisskýrslu til forkynningar.
Janúar 2013	Forkynning deiliskipulagstillögu og umhverfisskýrslu skv. 4. mgr. 40 gr. skipulagslaga.
Febrúar 2013	Afgreiðsla skipulagsnefndar og bæjarstjórnar á deiliskipulagstillögu og umhverfisskýrslu vegna heimildar til auglýsingar skv. 1 mgr. 41 gr. skipulagslaga.
Febrúar – mars 2013	Umsagna leitað um skipulagstillögu og umhverfisskýrslu skv. 3. mgr. 7. gr. laga um umhverfismat áætlana.
Febrúar - mars 2013	Auglýsing deiliskipulagstillögu og umhverfisskýrslu skv. 1. mgr. 41 gr. skipulagslaga.
Mars 2013	Samþykkt deiliskipulags í skipulagsnefnd og bæjarstjórn skv. 3 mgr. 41. gr. skipulagslaga.
Apríl 2013	Samþykkt deiliskipulag sent Skipulagsstofnun innan átta vikna frá afgreiðslu sveitarstjórnar skv. 1. mgr. 42 gr. skipulagslaga.
Maí 2013	Gildistaka deiliskipulagsins auglýst í B-deild Stjórnartíðinda skv. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga.